

87 dómstólana en ekki umboðsvaldið að gjöra út um gildi þeirra, og í öllu falli gat
12. oktr. það ekki verið lögmaet ástæða fyrir sýslumann til að synja fullnægingar af hálfu Austureyjafjallahrepps á frammanefndum amtsúrskurðum, þó að hreppsnefnd þess hrepps hjeldi því fram, að nefndir samningar væri komnir á.

Ekki er heldur heimild fyrir því að leggja fyrir Biskupstungnahrepp að ganga að þeim samningstilboðum, sem Austureyjafjallahreppur kom fram með árið 1902 um að skipta fjölskyldu Sigríðar og Eyólfs milli hreppanna til framframfærslu, og á hinn bóginn virðist ekki ástæða til vegna þessara samnings-tilboða að breyta hinum fyrnefndu amtsúrskurðum og lækka meðlög með börnunum að föðursins hálfu, hvorki hin áföllnu meðlög nje meðlög in framtiðinni.

Samkvæmt þessu ber Austureyjafjallahreppi að greiða Biskupstungnahreppi hin áföllnu og ógreiddu meðlög samkvæmt hinum margnefndu úrskurðum amtmanns.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Austureyjafjallahrepps og er jafnframt lagt fyrir yður að heimta meðlög in af hreppsnefndinni til handa Biskupstungnahreppi án tafar.

88 **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Islandi um embættislán**
16. oktr. **handa Þingvallaprestakalli.**

Samkvæmt beiðni prestins að Þingvöllum síra Jóns Thorstensens, meðmælum hlutaðeigandi prófasts og meðmælum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 13. þ. m., veitir stjórnarráðið hjermeð nefndum presti leyfi til þess að taka að láni gegn veði í tekjum Þingvallaprestakalls allt að 800 kr. til húsbóta þeirra á prestsetrinu, er nákvæmara er gerð grein fyrir í erindi prestsins. Lántökuleyfið er þeim skilyrðum bundið, að lánið afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum frá lántöku að telja, að húsabótin verði eign prestakallsins, og að presturinn eða bú hans svari henni í fullu standi eða með álagi ásamt jarðarhúsunum að öðru leyti.

89 **Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Islandi um skiptingu**
17. oktr. **Útskálasóknar.**

Eptir ósk safnaðarins í Útskálasókn í Kjalarnesprófastsdæmi og löglegri ályktun viðkomandi hjeradsfundar, veitir stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 6. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, samþykki til þess

að núverandi Útskálasókn verði skipt í tvær sóknir, Útskálasókn og Keflavíkursókn, með þessum nánari ákvæðum:

1. Skiptilínan milli sóknanna sje landamerkin milli Keflavíkur og Leiru.